

**M-48/2011. Álit 15. desember 2011.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 15. desember 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-48/2011.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 28. apríl sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y, hér eftir nefndur seljandi. Gerir álitsbeiðandi kröfu til þess að seljandi bæti honum að fullu það tjón sem hann hefur orðið fyrir vegna viðgerða seljanda á bifreið hans hefur ollið honum. Til vara er þess krafist að seljandi endurgreiði álitsbeiðanda kostnað vegna viðgerða samkvæmt tveimur reikningum, dags. 22. júlí 2008 og 5. maí 2010, alls að upphæð 363.781 kr.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 8. júlí sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var seljanda veittur frestur til 22. s.m. til að koma á framfæri athugasemdum sínum. Engar athugasemdir bárust.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðni varðar viðskipti álitsbeiðanda og seljanda vegna viðgerðar seljanda á bifreið álitsbeiðanda af tegundinni Alfa Romeo 166 með skráningarnúmer xx-000.

Í álitsbeiðni segir m.a. orðrétt eftirfarandi:

- 1. Fór með bíl, Alfa Romeo 166 skr. xx-000 í tímareimaskiptingu 22/7 08 þá ekinn rúm. 120 þ.km. Skipt var um tímareim, strekkjarahjól. Vara No. 60620443.*
- 2. 23/2 2010. Bíll ekinn 136 þ.km. bilar, fer á verkstæði hjá Y Strekkjarahjól No. 60620443 brotið. Tók 2 mánuði að gera við bílinn. Fékk bílinn 5/5 2010.*
- 3. 1/2 2011. Bíll ekinn 140.995. Fer með bíl í viðgerð hjá Y Strekkjarahjól brotið og búin að skemma vélina. Strekkjarahjól fyrir tímareim (hjólíð sveifarás). Hjólíð hefur snúist á ásnum á ásnum, og þess vegna fer vélin yfir á tíma, og stimplar ná saman og það þýðir stórtjón á vél. Tímareimahjólíð, sem er að valda þessu tjóni, var skipt um 5/5 2010 hjá Y Var brotið eftir 4 þús.km. og ca. 8 mánuði.*

Álitsbeiðandi bendir á að hann hafi leitað til margra fagaðila út af máli þessu og þar á meðal til tækniráðgjafa hjá Félagi íslenskra bifreiðareigenda og að mati þessara aðila er umrætt tímareimahjól ástæða þess að vélin í bifreiðinni fór yfir á tíma. Hjólíð hafi þannig losnað af sveifarás og það hafi verið frumorsök tjónsins. Þá bendir álitsbeiðandi á að honum þyki dularfullt að strekkjarahjól sé aftur brotið.

### **IV**

## Andsvör seljanda

Seljandi hefur ekki gefið andmæli í máli þessu. Hins vegar er sem fylgiskjal með álitsbeiðni ódagsett yfirlýsing seljanda varðandi umþrættar viðgerðir, með innfærðum athugasemdum álitsbeiðanda á einstaka stöðum, en þar segir orðrétt:

*Mál þetta varðar Alfa Romeo 166 skr. xx-000.*

*Forsaga þessa máls er sú að þann 23-3-2010 kemur til okkar þjónustuverkstæðis umrædd bifreið þá ekinn 136092km – sem er með ógangfæra vél.*

*Við skoðun á vél kom í ljós að tímahjól á sveifarási hafi grafið sig inn í olúdæluhús framan á vél – Við nánari skoðun kom í ljós að endaslagslegur á sveifarási voru komnar undir eðlilega þykkt sem olli því að slag á sveifarási var orðið óeðlilega mikið og einnig var káll í tímareimatannhjól á sveifarási brotinn.*

*Í samráði við eiganda/forráðamanns bifreiðar (A) var skipt um endaslagslegurnar á sveifarási, notaður var sami tímareimabúnaður aftur, að beiðni A. Tekið var fram við A að ending á þessari viðgerð væri ekki hægt að tryggja.*

*Þeir varahlutir sem fóru í viðgerðina þann 23-03-2010 voru eftirfarandi:*

*Endaslagslegur 2stk*

*strekki 1stk*

*Tímareimatannhjól á sveifarás 1stk*

*Þann 04-02-2011 kom umrædd bifreið aftur til okkar þjónustuverkstæðis, þá ekinn 140995km – Vél ógangfær.*

*Við skoðun kom í ljós að vélin hefur farið yfir á tíma, einnig er strekkjari fyrir jafnvægisreim brotinn, en báðar tímareimarnar eru heilar með heilum tönnum og óslitnar. Jafnvægisreimin er drifin af sveifarási. Einnig er káll í tímareimatannhjól á sveifarási brotinn.*

Þar sem seljanda var gefinn kostur á að skila inn andsvörum til kærunevndarinnar en engin slík bærust verður álit kærunevndarinnar því gefið samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu.

## V

### Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa álitur að viðskipti álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunevndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Af álitsbeiðni má ráða að álitsbeiðandi telur viðgerð seljanda hafa verið haldin galla sem hafi orsakað tjón á bifreið hans. Í álitsbeiðni er getið um þrjú tilvik þar sem álitsbeiðandi fór með umrædda bifreið í viðgerð til seljanda, þ.e. júlí 2008, mars 2010 og febrúar 2011. Má ráða af álitsbeiðni að kvörtun álitsbeiðanda snúi eingöngu að viðgerðum seljanda árið 2010 og 2011 þar sem álitsbeiðandi vísar eingöngu til umræddra tilvika til stuðnings kröfu sinni. Hins vegar er um að ræða viðgerðir sem orsakast upphaflega af þeirri viðgerð sem framkvæmd var árið 2008 og því um þrjú tilvik að ræða. Hins vegar liggja ekki fyrir í gögnum málsins reikningar fyrir viðgerð þá sem framkvæmd var árið 2011 og því hefur kærunevndin ekki forsendur til að taka afstöðu til fjárfarna varðandi þá viðgerð.

Kemur þá til skoðunar hvort álitsbeiðandi hafi kvartað undan galla í samræmi við 27. gr. neytendakaupalaga. Í 2. mgr. 27. gr. laganna er kveðið á um að ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Af gögnum málsins má ráða að fyrsta viðgerðin sem kvartað er undan var framkvæmd um sumarið 2008 og er greitt fyrir þá viðgerð þann 22. júlí s.á. Þá kemur fram að álitsbeiðandi hafi síðar afhent seljanda bifreið sína til viðgerðar þann 23. mars 2010 og í ljósi þessa hefur álitsbeiðandi sannarlega leitað til seljanda innan tveggja ára frá því að sú viðgerð var framkvæmd. Þá segir í álitsbeiðni að sú viðgerð, þ.e. sú sem framkvæmd var árið 2010, hafi tekið um tvo mánuði án þess þó að nánar komi fram hvenær þeirri viðgerð var lokið og bifreið afhent álitsbeiðanda. Hins vegar er reikningur fyrir umrædda viðgerð dagsettur þann 5. maí 2010 og álitsbeiðandi greiðir þann reikning þann 7. s.m. Má því leiða að því líkur að viðgerð hafi lokið eigi síðar en fyrrgreindan 5. maí og telur kærunefndin að miða skuli tveggja ára frest þann sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga, varðandi þá viðgerð, frá þeim degi. Álitsbeiðni er dagsett þann 28. apríl 2011 og móttekin sama dag. Óumdeilt er því að álitsbeiðandi kvartaði undan galla í samræmi við ákvæði 27. gr. neytendakaupalaga.

Eins og fram kemur í yfirlýsingu seljanda, sem vísað er til að framan, þá var í samráði við álitsbeiðanda, og að beiðni hans, notaður sami tímareimabúnaður við viðgerð árið 2010. Hins vegar hefur álitsbeiðandi fært inn athugasemdir á umrædda yfirlýsingu þar sem segir að hann hafi ekki bannað notkun á sama tímareimabúnaði enda taldi hann umræddan búnað vera í ábyrgð. Ekki liggur hins vegar fyrir um hvort álitsbeiðandi hafi spurst fyrir um hvort að búnaðurinn væri í ábyrgð þar sem athugasemdir seljanda liggja ekki fyrir í máli þessu.

Eins og að framan greinir hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings við afgreiðslu málsins. Í athugasemdum sérfræðingsins segir m.a. eftirfarandi:

*Samkvæmt viðgerðarbók yfir Alfa Romeo 166 árgerð 2000, á að herða bolta sem halda tímahjólínu föstu upp á sveifarásnum í 34 daNm til 37.8 daNm sem er jafnt og 340 til 378 Nm. Þetta er mjög mikil hersla og þarfnast sérverkfæris sem skrífast undir og í gírkassann og heldur við starthjólið sem er áfast sveifarásnum svo það/hann snúist ekki þegar hert er og ef þetta hefur ekki verið gert rétt sem eru miklar líkur á að hafi verið, þá er afleiðingin sú að kíllinn sem á að koma í veg fyrir að hjólið snúist brotnar, það losnar og veldur því tjóni á ventlum og tímabúnaði.*

Í athugasemdum sérfræðingsins er ekki fullyrt hvers vegna umræddur strekkjarabúnaður hafi brotnað. Hins vegar er bent á að til greina komi að orsök þessa hafi verið sú aðferð sem notuð var til þess að framkvæma strekkinguna á reimunum eða reiminni hafi leitt til þess að hjólið hafi orðið fyrir auknu álagi. Þá er einnig bent á að hugsanlega hafi verið um gallaðan varahlut að ræða en líkurnar á því eru hins vegar litlar.

Eins og fram hefur komið barst kærunefndinni ekki athugasemdir seljanda þrátt fyrir að honum hafi verið veittur kostur á að koma á framfæri athugasemdum við álitsbeiðnina og verður því álit kærunefndarinnar gefið samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, þ.e. álitsbeiðni og athugasemdir sérfræðings þess sem nefndin hefur leitað til. Þar sem seljandi hefur ekki látið málið til sín taka fyrir nefndinni er því ekkert fram komið um að sá varahlutur sem notaður við viðgerðina hafi verið haldinn göllum. Þess þá heldur liggur ekkert fyrir um að við framkvæmd umþrættrar viðgerðar hafi verið gætt að þeim leiðbeiningum sem að framan greinir í athugasemdum sérfræðingsins. Þá er ekkert í gögnum málsins sem leiðir líkur að því að meðhöndlun álitsbeiðanda á bifreið sinni hafi valdið því tjóni sem sannarlega hefur orðið á bifreiðinni.

Þegar um galla er að ræða sem neytanda verður ekki kennt um eignast hann samkvæmt ákvæðum 26. gr. neytendakaupalaga úrbótarétt á hendur seljanda, þ.á m. að seljandi bæti úr gallanum, sbr. b-lið lagagreinarinnar. Það er samkvæmt framansögðu álit kærunefndarinnar að viðgerð sú sem seljandi framkvæmdi sjálfur á bifreið álitsskipta hafi verið gölluð í skilningi neytendakaupalaga. Þar sem seljandi tók að sér að láta framkvæma þá viðgerð sem hér um ræðir var honum skylt að sjá til þess viðgerðin yrði þannig unnin að hún dygði til frambúðar sem ekki hefur verið raunin í þessu tilviki. Í ljósi þessa er það mat kærunefndarinnar að seljandi er réttilega bótaskyldur vegna gallaðrar viðgerðar á bifreið álitsskipta.

Kærunefndin telur að í máli þessu sé hins vegar ekki unnt að fallast á þá aðalkröfu álitsskipta að honum verði bætt að fullu tjón sem hann hefur orðið fyrir vegna gallans enda hefur álitsskipti ekki lagt fram gögn í máli þessu sem sýni fram á slíkt tjón, þ.e. umfram reikninga fyrir umþrættri viðgerð. Er því ósannað með öllu hvert tjón álitsskipta umfram umrædda reikninga og hefur kærunefndin því ekki forsendur til að meta tjónið umfram það sem þar kemur fram.

Hins vegar er það álit kærunefndarinnar að samþykkja beri varakröfu álitsskipta um að seljanda beri skylda til þess að endurgreiða álitsskipta kostnað vegna viðgerða sem framkvæmdar voru á tímareimabúnaði á bifreið álitsskipta. Telur kærunefndin hins vegar að sú endurgreiðsla skuli miðast eingöngu við sannarlegar viðgerðir á tímareimabúnaði og tengdri þjónustu og því er ekki tekin afstaða til annarra viðgerða sem framkvæmdar voru á umræddri bifreið og fram koma á umræddum reikningum og ekki hefur verið kvartað undan. Í ljósi þessa felst kærunefndin ekki á þá kröfu álitsskipta beri að endurgreiða viðgerðarkostnað að öllu leyti, þ.e. umfram framangreindar viðgerðir á tímareimabúnaði og tengdri þjónustu.

Er það mat kærunefndarinnar að seljanda beri skylda að endurgreiða álitsskipta eftirfarandi viðgerðarkostnað samkvæmt reikningum dagsettum 22. júlí 2008 og 5. maí 2010:

Reikningur, dags. 22. júlí 2008:

Lýsing	Heiti	Fj.	Verð	Samtals
71736727	Tímareimasett	1	29.900 kr.	29.900 kr.
60620887	Reim	1	15.900 kr.	15.900 kr.
60620443	Strekkjari	1	8.900 kr.	8.900 kr.
1032C32	Vinna	1	37.800 kr.	37.800 kr.
			Samtals:	92.500 kr.

Reikningur, dags. 5. maí 2010:

Lýsing	Heiti	Fj.	Verð	Samtals
V1	Vinna við tímareim	4	9.708 kr.	38.832 kr.
60620443	Strekkjari	1	17.010 kr.	17.010 kr.
60602824	Tannahjól	1	31.500 kr.	31.500 kr.
			Samtals:	87.342 kr.

Að teknu tilliti til þess ber seljanda, Y, að endurgreiða álitsskipta alls 179.842 kr. vegna gallaðrar viðgerðar á tímareimabúnaði og tengdri þjónustu á bifreið álitsskipta, X, og að framan hefur verið lýst.

Y greiði álitsbeiðanda, X, 179.842 kr.

---

Áslaug Árnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

---

Lárus M.K. Ólafsson